

HANDBÓK

Héraðssambandsins Hrafna-Flóka

2020-2021



HHF

Efnisyfirlit

1

Efnisyfirlit	2
1. Skipulag Íþróttahéraðs	4
Skipurit	4
Stjórn, varastjórn og starfsfólk HHF 2020-2021	5
Hlutverk stjórnar og starfsmanna	5
<i>Skyldur og réttindi stjórnar HHF</i>	6
<i>Formaður</i>	6
<i>Gjaldkeri</i>	7
<i>Meðstjórnandi</i>	7
<i>Framkvæmdastjóri</i>	7
<i>Varastjórn</i>	8
Vinnureglur um fundi	8
<i>Stjórnarfundir</i>	8
<i>Formannafundir HHF</i>	9
<i>Vinnufundir</i>	9
2. Stefnur HHF	9
Fræðslu- og forvarnarstefna	10
Jafnréttisáætlun	11
Umhverfisstefna	14
Félagsmálafundir	14
Lýðheilsustefna	15
Viðbragðsáætlun	15
Siðareglur	16
Gildi HHF	17
3. Aðildarfélag HHF	18
Fimleikafélag Vestfjarða	18
Golfklúbbur Bíldudals	18
Golfklúbbur Patreksfjarðar	19




Handbók Héraðssambandsins Hrafn-Flóka

Íþróttafélag Bílddælinga	19
Íþróttafélagið Hörður	20
Skotíþróttafélag Vestfjarða	20
Ungmennafélag Barðstrendinga	21
Ungmennafélag Tálknafjarðar	21
4. Lög og reglur.....	22
Lög og reglugerðir Héraðssambandsins Hrafn-Flóka	22
Reglugerð minningarsjóðs Stefáns Jóhannesar Siðurðsson.....	27
5. Val á íþróttafólki ársins	28

1. Skipulag Íþróttahéraðs

Skipurit

Héraðsþing er æðsta vald í málefnum HHF. Héraðsþing er haldið á hverju ári þar sem kjörnir fulltrúar aðildarfélaga hafa atkvæðisrétt.





Stjórn, varastjórn og starfsfólk HHF 2020-2021

Margrét Brynjólfsdóttir – formaður

Sveinn Jóhann Þórðarson – gjaldkeri

Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson – meðstjórnandi

Heiðar Jóhannsson – varamaður

Guðlaugur Jónsson – varamaður

Katrín Ösp Magnúsdóttir – varamaður

Páll Vilhjálmsson - framkvæmdastjóri



Hlutverk stjórnar og starfsmanna

Stjórn HHF er framkvæmdaraðili málefna sambandsins. Hún vinnur að málefnum þess og framfylgir samþykktum félagsins. Héraðsþing kýs þrjá menn í stjórn og þrjá til vara úr röðum félagsmanna innan aðildarféлага HHF. Héraðsþing kýs formann úr röðum stjórnarmanna, en aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum (skv. 15. grein laga HHF). Héraðsþing kýs einnig tvo skoðunarmenn reikninga. Fulltrúi sambandsins á þing ÍSí er kosinn það ár sem þing ÍSí er haldið, skv. 12. grein laga ÍSí.

Sambandsstjórnin hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarka sem lög og þingsamþykktir segja. Hún veitir móttöku öllu því fé er sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt fjárhagsáætlun þeirri er þingið hefur samþykkt (skv. 16. laga HHF).

Sambandsstjórn hefur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þangað skal boða alla stjórnarmenn eða varamenn í þeirra stað. Þá skal stjórnin boða formenn allra sambandsfélaganna til fundar eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til.

Eitt af lykilatriðum fyrir farsælt starf sambandsstjórnar er að verkefnum sé deilt sem jafnast milli allra stjórnarmanna. Á þann hátt bera allir stjórnarmenn sameiginlega ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru og framkvæmdar. Æskilegast er að stjórnarmenn finni til ábyrgðar og séu því virkir þátttakendur í stjórnarstarfinu.

Skyldur og réttindi stjórnar HHF

- Stjórnarmenn skulu kynna sér lög og samþykktir HHF og þeirra samtaka sem HHF er aðili að.
- Sækja stjórnarfundum. Sitja í ráðum og nefndum á vegum stjórnar og leggja til þá persónulegu og faglegu þekkingu sem nýst getur HHF og aðildarfélögum þess.
- Setja fram álit sitt og skoðanir um þau málefni sem eru til umfjöllunar og ákvörðunar innan stjórnar.
- Vera vel að sér um starfsemi HHF og aðildarfélaga þess.
- Hlíta og fylgja ákvörðunum stjórnar enda þær teknar á lýðræðislegan hátt á fundi stjórnar.
- Vera vakandi fyrir og vekja athygli á mögulegum hagsmunaárekstrum sem áhrif geta haft á starfsemi HHF og stjórnar og víkja þá úr sæti.
- Stjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslunni um hæfi sitt.
- Nýkjörin stjórn setur sér vinnureglur sem fjalla um fundarboðun, tímasetningu, lengd og dagskrá.
- HHF vinnur samkvæmt ákvæðum fyrirmyndarhéraða ÍSÍ um hvað varðar samskipti við aðildarfélög.
 - Stjórn HHF varðveiti og skipti milli aðildarfélaga því fé sem veitt hefur verið í því skyni.
 - Stjórn HHF fylgist með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.
 - Stjórn HHF staðfesti lög/lagabreytingar aðildarfélaga og haldi utan um staðfest lög félaga.
 - Stjórn HHF tilkynni ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
 - Stjórn HHF boði til aðalfundar aðildarfélaga ef þörf krefur.
 - Ársþingi HHF er heimilt að vísa félagi úr héraðssambandinu fari félag ekki að lögum eða fyrirmælum þess. Ef slíkt er ákveðið skal stjórn HHF tilkynna það til ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi/sérsamböndum.

Formaður

Helstu verkefni formanns eru:

- Að koma fram fyrir hönd HHF og vera málsvari þess gegn öðrum aðilum.
- Að skipuleggja, boða og stýra stjórnarfundum HHF.
- Að sjá til þess að lögum sambandsins og samþykktum stjórnarfunda og héraðsþings sé framfylgt.
- Að sjá til þess og hafa eftirfylgni með því að öll erindi sem sambandinu berast séu afgreidd svo fljótt sem auðið er.
- Að sjá til þess að dagleg starfsemi sambandsins sé vel skipulögð og fari vel fram.
- Að virkja aðildarfélög og félaga til starfa í þágu sambandsins og aðildarfélaga þess.
- Að gera aðildarfélögum og félagsmönnum kleift að meta starfsemi sambandsins og hvort aðra nálgun þurfi til þess að ná fram markmiðum og fylgja stefnu sambandsins.
- Að hafa umsjón og eftirlit með samningum og samningagerð fyrri hönd sambandsins.
- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem liggja fyrir.

Gjaldkeri

Helstu verkefni gjaldkera eru:

- Að hafa yfirsýn yfir færslu bókhalds og reikningshalds sambandsins, auk ársreikninga.
- Að hafa yfirsýn yfir innheimtu og sjá til þess, í samráði við framkvæmdastjóra, að skuldir séu innheimtar.
- Að sjá til þess að gjöld sem ber að greiða séu greidd.
- Ávöxtun lausafjár, varasjóða og þeirra sjóða sem sambandið hefur í vörslu sinni í samráði við framkvæmdastjóra.
- Að setja fram ársreikning í samstarfi við framkvæmdastjóra og leggja fram til samþykktar á ársþingi.
- Að hafa yfirsýn yfir þær fjáraflanir sem fram fara í nafni sambandsins.
- Að annast gerð fjárhagsáætlunar í samstarfi við framkvæmdastjóra og leggja fram til samþykktar á ársþingi.
- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Meðstjórnandi

Helstu verkefni meðstjórnanda er:

- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.
- Að skrá fundargerðir á stjórnarfundum og fundum á vegum sambandsins, annarra en fundum ráða og nefnda, þegar ekki eru kjörnir sérstakir fundarritarar.

Framkvæmdastjóri

Helstu verkefni framkvæmdastjóra eru samkvæmt gildandi starfssamningi:

- Að sjá um öll almenn störf á skrifstofu.
- Að annast samskipti við aðildarfélög HHF og vera þeim innan handar ef þurfa þykir.
- Að annast stefnumótun HHF í samvinnu við stjórn. Hann vinnur að framkvæmd stefnu og samþykktum stjórnar HHF og héraðsþings HHF í samráði við stjórn
- Að vera í nánu samstarfi við stjórn HHF í hvívetna.
- Að hafa umsjón með daglegu starfi HHF á milli stjórnarfunda.
- Að sitja fundi stjórnar sé þess óskað.
- Að vera með yfirumsjón með öllu mótahaldi í nafni sambandsins.
- Að minna aðildarfélög á að skila félagatali, ársreikningum og stjórnarskipan í félagakerfi ÍSÍ, innan þess frests sem ÍSÍ ákveður. Auk þess skilar framkvæmdastjóri sömu gögnum fyrir HHF.
- Að vera tengiliður við ÍSÍ og aðildarfélög vegna umsókna og vinnu aðildarfélaganna um að gerast fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Varastjórn

Helstu verkefni varastjórnar eru:

- Varamenn stjórnar HHF eru boðaðir á alla fundi stjórnar HHF.
- Á stjórnarfundum, skulu varamenn hafa sama rétt til þátttöku í umræðum og aðrir stjórnarmenn. Þeir hafa þó ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir sinna starfi stjórnarmanns í hans fjarveru.
- Varamönnum ber skylda til að kynna sér og taka upplýsta afstöðu um öll þau mál er fjallað er um á fundum stjórnar.
- Varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn ef til afsagnar þess síðarnefnda kemur.
- Til að geta innt skyldur sínar samviskusamlega af hendi skulu varamenn hafa sama aðgang að og fá send öll viðhlítandi gögn sem um aðalman væri að ræða, enda bera þeir í flestum tilvikum sömu réttindi og skyldur og aðrir stjórnarmenn

Vinnureglur um fundi

Stjórnarfundir:

Fundir eru haldnir mánaðarlega. Aukafundir eru boðaðir eftir þörfum. Fundur er formlega boðaður með a.m.k. viku fyrirvara. Fundardagskrá er send út tveimur dögum fyrir fund.

Dagskrá fundar

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar lesin og borin upp til samþykktar
3. Innsend bréf
4. Mál
5. Önnur mál
6. Tilhögun næsta fundar
7. Fundarslit

Fundargerðir

Halda skal fundargerð um það sem fjallað er um á fundum og bóka allar samþykktir og ákvarðanir sem eru teknar. Í fundargerð skal skrá eftirfarani:

- Hvar og hvenær fundurinn er haldinn og númer fundar.
- Hverjir sitja fundinn, hver ritar fundinn og hver stýrir.
- Dagskráratríði, stutta lýsingu á dagskrárliðum og gögnum fundarins.
- Ákvarðanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur, ef til þeirra kemur.
- Sérstakar bókanir stjórnarmanna.
- Upphaf og lok fundartíma.
- Tilhögun næsta fundar.

Fundargerðir skulu að öllu jöfnu sendast stjórnar- og varastjórnarmönnum innan viku frá því að fundi lauk. Fundargerðin er svo borin upp til samþykktar á næsta fundi. Í fundargerð þess fundar skal svo rita athugasemdir og samþykktir.

Í þeim tilvikum að um sérstaklega viðkvæm mál er að ræða, eða mál tengd miklum hagsmunum einstaklinga, HHF eða aðildarfélag þess, sem teljast ekki eiga vera á vitund nema mjög fárra einstaklinga, getur formaður eða málshefjandi ákveðið að slík mál séu meðhöndluð sem trúnaðarmál á stjórnarfundi. Mál sem tiltekið er sem trúnaðarmál skal ekki rætt við aðra en stjórnarmenn og málsaðila. Þau gögn sem lögð eru fram í málum sem svo eru skilgreind taka stjórnarmenn ekki með sér af stjórnarfundum. Umfjöllun og niðurstaða stjórnar í málum sem merkt eru sem trúnaðarmál skal rituð í sérstaka trúnaðarbók eða felld út úr fundargerðum sem birtar eru á vefsíðu HHF.

Upplýsingagjöf til stjórnarmanna

Upplýsingagjöf til stjórnar fer fram á stjórnarfundum. Stjórnarmenn hafa aðgang að öllum gögnum um félagið sem nauðsynleg eru til að þeir geti sinnt stjórnunar- og eftirlitsskyldu sinni á starfstíma sínum. Gögn í samræmi við boðaða dagskrá skulu, sé þess þörf eða sé þess óskað, send til stjórnar eða berast stjórnarmönnum með fundarboði. Óski stjórnarmaður eftir tilteknum gögnum, t.d. um rekstur og starfsemi félagsins, skulu þau einnig send öðrum stjórnarmönnum.

Formannafundir HHF

HHF leitast við að halda formannafundi hið minnsta tvisvar sinnum á ári. Markmið fundanna eru:

- Aðildarfélög kynna starfið sitt
- HHF kynnir starfið sitt
- Undirbúningur fyrir ársþing HHF
- Kynningar á verkefnum, stefnum og/eða fræðsla til fulltrúa aðildarféлага.

Vinnufundir

HHF leitast við að halda vinnufundi stjórnar hið minnsta tvisvar sinnum á ári. Vinnufundur er jafnframt stjórnarfundur. Markmið fundanna eru:

- Yfirferð á útgefnu efni og stefnum HHF.
- Að sannreyna að unnið sé eftir kröfum um fyrirmyndarhémuð ÍSÍ.

2. Stefnur HHF

HHF er framsækið héraðssamband í sífelldri þróun. Við erum samstarfsvettvangur aðildarféлага okkar í félagsstarfi, keppnis- og almenningsíþróttum. Við leitumst við að veita aðildarfélögum góða þjónustu og

aðstoð í þeim verkefnum sem þau standa í. Við erum sýnileg í nærsamfélaginu og á landsvísu. Við stuðlum að jafnrétti til þátttöku í íþrótt- og félagsstarfi. Við leitumst við að efla þekkingu og hugsjón félagsmanna og viljum þannig byggja sterkari einstaklinga og styrkja stoðir samfélagsins.

Fræðslu- og forvarnarstefna

Stefnuyfirlýsing:

Héraðssambandið Hrafna-Flóki stendur vörð um að fræðslu- og forvarnarstefna sé til, virk og virt innan aðildarféлага sambandsins. Einstaklingar sem eru virkir í íþróttastarfi reiðir betur af í daglegu lífi, standa sig betur í námi og neyta síður skaðlegra efna. Neysla áfengis og annarra vímuefna og íþróttir fara ekki saman og hefur skaðleg áhrif á ímynd íþróttar sem og árangur.

HHF leggur áherslu á gagnkvæma virðingu í samskiptum allra þeirra aðila sem við koma hreyfingunni. HHF gerir vináttu og jákvæða uppbyggingu að markmiði en ekki leið að marki, þannig miðar HHF að því að styrkja einstaklinga ekki eingöngu til íþróttastarfs heldur skili þátttöku í starfinu sterkari einstaklingum með reynslu sem nýtist samfélaginu.

Stefnan eykur fagmennsku innan hreyfingarinnar á svæðinu og þar af leiðandi samfélagið í heild.

Markmið:

- Gagnkvæm virðing skal einkenna öll samskipti.
- HHF hvetur til aukinnar menntunar þjálfara og annarra starfsmanna
- HHF stuðlar að aukinni þekkingu aðila innan hreyfingarinnar með námskeiðshaldi og framboði á fyrirlesturum á sambandssvæðinu.
- HHF stuðlar að og hvetur á jákvæðan hátt þátttöku einstaklinga í starfi sambandsins og aðildarféлага þess.
- HHF fagnar fjölbreytileika í framboði hreyfingar því þannig tryggjum við að sem flestir einstaklingar fái tækifæri til að stunda íþróttir og hreyfingu í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.
- HHF vinnur að því að auka þekkingu á skaðsemi vímuefna með eflingu á forvörnum hreyfingarinnar.
 - Stjórn og starfsfólk HHF og aðildarféлага þess fræða iðkendur sína um áhrif áfengis, tóbaks og annarra skaðlegra efna á heilbrigði og árangur.
 - Útgefið efni inniheldur umfjöllun um skaðleg efni.
 - Neysla skaðlegra efna á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf.
 - Sala slíkra efna er bönnuð við íþróttakeppni.
 - Neysla skaðlegra efna á lokahófum barna og unglunga er bönnuð.
 - Tóbaksnotkun, þar með talið rafrettur og munntóbak á íþróttasvæðum.
 - Áfengisauklýsingar á eða við íþróttasvæði.
 - Tekið skal á vanda tengdum skaðlegum efnum á vettvangi íþróttahreyfingarinnar samkvæmt viðbragðsáætlun HHF.

- Einelti er ekki liðið innan starfs HHF og/eða aðildarfélagi þess. Það er mjög mikilvægt að öllum líði vel í leik og starfi og að sá grundvallarréttur, að fá að vera óárettur, sé virtur. Því er mikilvægt að bregðast við málum sem upp kunna að koma í starfinu og leita allra leiða til að leysa úr því hratt og vel.
 - Einelti er, samkvæmt skilgreiningum Æskulýðsvettvangsins, endurtekin ótilhlýðileg og ámælisverð háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.
 - Kynferðisleg áreitni og annað endurtekið andlegt, líkamlegt og stafrænt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðanaágreiningu eða hagsmunaárekstur sem kann að koma upp í æskulýðs- og íþróttastarfi.
 - Einelti getur þrífist alls staðar þar sem samskipti eiga sér stað án tillits til aldurs fólks, vitsmunaproska, efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu. Einelti getur því komið upp hjá öllum aldursflokkum, bæði börnum og fullorðnum. Þá hefur einelti margar mismunandi birtingarmyndir og getur verið andlegt, líkamlegt og/ eða stafrænt.

Ef grunur um einelti vaknar skal það tilkynnt þjálfara og/eða formanni viðkomandi félags og unnið í samræmi við viðbragðsáætlun HHF.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun HHF byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Áætlunin er jafnframt byggð á vinnu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisáætlana fyrir íþróttafélög og leiðbeiningar þess efnis.

Markmið jafnréttisáætlunar HHF er að tryggja að allir félagsmenn HHF séu meðvitaðir um ábyrgð sína og áhrifamátt í jafnréttismálum og fari að lögum um jafna stöðu ólíkra þjóðfélagshópa.

HHF leggur ríka áherslu á jafnrétti allra kynja og að allir iðkendur sambandsins geti iðkað íþrótt sína óháð kynferði, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðerni, kynþætti, litarhætti, efnahag, kynhneigð eða stöðu að öðru leyti. Þetta skal haft í huga við skipulag starfsins, mótahalds og úthlutun styrkja.

HHF skal leitast við að ná til allra barna og ungmenna samfélagsins. Því skal leitast við að hafa kynningarefni og upplýsingar á fleiri tungumálum en íslensku eftir því sem þörf er á.

HHF hvetur einstaklinga af öllum kynjum til þátttöku í innra starfi sambandsins og að í ábyrgðarstörf innan þess veljist sem jafnast hlutfall kynja hverju sinni. Jafnréttisstefnan skal vera samofin öllu starfi og markvisst fléttuð inn í alla stefnumótun og verklag sambandsins. Gæta skal þess að ýta ekki undir staðalímyndir.

JAFNRÉTTISÁÆTLUN - IÐKENDUR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Öll kyn, í sömu íþróttagrein og á sama aldri, fái jafn marga og sambærilega æfingatíma. Kynin hafi sambærilega aðstöðu/aðbúnað.	Úttekt á æfingatíma kynja í sömu íþróttagrein og á sama aldri. Úttekt á aðbúnaði og aðstöðu kynja í sömu grein og á sama aldri. Leiðrétta kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Samræmi í fjárveitingum til íþróttagreina eftir kynjum. Kynjum er ekki mismunað í fréttum eða í öðru efni sem félagið sendir frá sér.	Úttekt á því hvernig fjármagni er skipt milli íþróttagreina eftir kynjum. Úttekt á fréttum og öðru efni sem félagið sendir frá sér m.t.t. kyns. Leiðrétta kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Verðlaun kynja innan allra flokka og greina eru sambærileg. Samstarfsaðilar þekki stefnu félagsins í jafnréttismálum.	Úttekt á verðlaunum eftir kyni Leiðrétta kynbundinn mun ef er. Jafnréttisstefna félagsins kynnt fyrir samstarfsaðilum.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Vinna gegn staðalmyndum.	Úttekt á fjölda iðkenda innan hvernar íþróttagreinar eftir kyni. Gæta þess að allir einstaklingar eigi jafna möguleika til iðkunar íþróttagreinar/-greina.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni innan félagsins.	Fræðsla fyrir þjálfara. Vinna forvarnar- og viðbragðsáætlun. Forvarnar og viðbragðsáætlunin kynnt fyrir starfsfólki.	Stjórn félagsins.	Árlega

JAFNRÉTTISÁÆTLUN - ÞJÁLFAVARAR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Þjálfarar eru vel menntaðir og vel að sér um jafnrétti.</p> <p>Þjálfarar njóta sömu launa og kjara fyrir sömu eða sambærileg störf og hafa sömu tækifæri til að afla sér þekkingar.</p>	<p>Fræðsla um jafnrétti kynja og rétt einsaklinga til að skilgreina sitt kyn fyrir þjálfara, stjórn og starfsfólk félagsins.</p> <p>Úttekt á menntun, launum og launakjörum þjálfara m.t.t. kyns.</p> <p>Leiðrétta kynbundinn mun ef er.</p>	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega

JAFNRÉTTISÁÆTLUN - NEFNDIR OG RÁÐ

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins er sem jafnast og endurspeglar hlutfall iðkenda í viðkomandi íþróttagrein</p> <p>Öll kyn koma fram fyrir hönd félagsins.</p>	<p>Úttekt á nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins m.t.t. kyns.</p> <p>Úttekt á hverjir koma fram fyrir hönd félagsins m.t.t. kyns.</p> <p>Leiðrétta kynbundinn mun ef er.</p>	<p>Stjórn félagsins.</p> <p>Stjórn félagsins.</p>	Árlega

JAFNRÉTTISÁÆTLUN – EFTIRFYLGNI OG ENDURSKOÐUN

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Jafnréttisáætlunin sé virk í öllu starfi félagsins.</p> <p>Jafnréttisáætlunin er í sífelldri þróun.</p> <p>Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti</p>	<p>Áætlunin og árangur verkefna kynnt innan félagsins og birt á heimasíðu.</p> <p>Fara yfir jafnréttisáætlunina og uppfæra m.t.t. árangurs og reynslu.</p> <p>Tillaga að nýrri jafnréttisáætlun lögð fram byggð á fyrri reynslu.</p>	Stjórn	<p>Árlega</p> <p>Fjórdá hvert ár</p>

Umhverfisstefna

Umhverfissjónarmið skulu vera höfð að leiðarljósi í allri starfsemi HHF. Aðildafélög HHF eru hvött til að taka mið að umhverfissjónarmiðum í sínu starfi og samþætta umhverfisshugsun inn í dagleg störf, enda þarf starf félaganna að fara fram í sátt við náttúruna.

Umhverfisstefna HHF felur eftirfarandi í sér að:

- Allir viðburðir á vegum HHF fari fram á eins umhverfsvænan hátt og kostur er. Mið skal tekið af umhverfissjónarmiðum ekki síður en félagslegum þáttum þegar staðsetning viðburða er ákvörðuð.
- Stuðla að því að setja upp sorpflokkun þar sem starfsemi HHF og aðildarfélaga fer fram. Flokka úrgang eins vel og hægt er og auka endurvinnslumöguleika úrgangs sem til fellur.
- Félagsmenn tileinki sér almenningssamgöngur þegar þess er kostur og kjósi frekar umhverfsvænan og heilsusamlegan ferðamáta á borð við að hjóla eða ganga þegar því verður komið við.
- Samnýta bíla í ferðum á viðburði HHF og aðildarfélaga þess.
- Aðildarfélög leggi sig fram við að auka umhverfisvitund félagsmanna sinna, meðal annars með aukinni útlvist og tómsundaiðkun í náttúrunni.
- Hvetja félagsmenn að huga að sóun. Nýta skal betur matvæli og efni á hagkvæman hátt.
- Velja umhverfsvænar rekstrarvörur og endurvinnanlegan varning ef um einnota vörur er að ræða.
- Hvetja til umhverfissparandi aðgerða í rekstri á skrifstofum, svo sem með því að spara pappír og slökkva á ljósum og raftækjum þegar þau eru ekki í notkun.

Félagsmálastefna

HHF er umhugað um að efla og styrkja samfélagið sem það starfar í. Hluti af því er að sálfélagslegir þættir séu þjálfaðir samhliða líkamlegum þáttum. HHF notast við verkfærakistu „Sýnum Karakter“ sem er samstarfsverkefni ÍSÍ og UMFÍ. Hverjum einstaklingi er það mikilvægt að eiga sterkt félagslegt net. Besta leiðin til að skapa það er að vera virkur á sem víðustum grunni samfélagsins og gefa til þess krafta sína og hæfileika. HHF stuðlar því að efla sálfélagslega færni fálagsmanna sinna og gefa þeim færi og svigrúm til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Markmið:

- Hvetja aðildarfélög til að þjálfa sína iðkendur sálfélagslega jafnt og líkamlega. Í þeim efnum er hægt að notast við verkfærakistu „Sýnum Karakter“.

- Byggja upp gott sjálfstrasut, jákvæða sjálfsmynd, félagsfærni og heilbrigða lífshætti. Áhersla er á samveru utan skipulagðra íþróttæfinga og fræðum iðkendur um heilbrigðan lífsstíl.
- Hvetja til þátttöku í skipulögðu starfi, að öllum líði vel í starfi á vegum HHF. HHF hugar sérstaklega vel að nýliðum.
- Eflum sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðrum einstaklingum sem og veraldlegum hlutum og hugtökum.

Lýðheilsustefna

Heilsa hvernar þjóðar er lykill að framtíðinni, undirstaða athafna okkar og möguleika. Áhrifabættir lýðheilsu eru erfðir, heilsutengd hegðun, umhverfisþættir, félagslegt, efnaahagslegt, menningarlegt og efnislegt umhverfi.

Öflugt samfélag byggist á góðri heilsu og líðan sem flestra. Það er því afar mikilvægt að starf íþróttahéraðs og íþróttafélaga nái til allra hópa samfélagsins. Mikilvægt er að lýðheilsa sé höfð að leiðarljósi í öllu sem sambandið tekur sér fyrir hendur því að þannig verður lýðheilsustefna hluti af samfélaginu en ekki eitt stakt verkefni.

HHF er í samstarfi við sveitafélög svæðisins í eflingu á aðstöðu til bættrar lýðheilsu. Framtíðarsýn HHF er sú að einstaklingar verði meðvitaðir um að þeir beri ábyrgð á eigin heilsu. Allir hafa tækifæri til að leika og starfa í fjölskylduvænu og heilbrigðu samfélagi þar sem allir hafa jöfn tækifæri til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl og vellíðan.

HHF leitast við að einstaklingar samfélagsins búi við öruggt og uppbyggilegt umhverfi þar sem áhersla er á bætta lýðheilsu.

HHF hvetur aðildarfélög sín til að hlúa að öllum iðkendum til jafns hvort sem um ræðir afreksfólk eða byrjendur. Lokamarkmið skal vera að einstaklingum sé kennt í gegn um íþróttastarf að hreyfing sé hluti af daglegu lífi þeirra umfram allt.

Viðbragðsáætlun

HHF og aðildarfélög þess leitast við að bæta menningu í íþróttahreyfingunni og tryggja með öllum leiðum öruggt og þægilegt umhverfi fyrir sína félagsmenn. Sameiginlegur verðmætabanki allra manna inniheldur t.d. að allir eigi rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og skal hún vera gagnkvæm.

Einelti, kynferðislegt og kynbundin áreitni og/eða ofbeldi, í hvaða mynd sem það birtist, má ekki viðgangast. HHF telur það sína ábyrgð að fyrirbyggja með öllum mætti og bregðast við slíkri hegðun. Í smærri samfélögum getur verið vandasamt að fara með slík mál vegna þátta eins og nálægð og frændskapar og því er nauðsynlegt að hægt sé að fara með mál sem slík til úrvinnslu hjá hlutlausum aðilum. Æskulýðsvettvangurinn hefur á sínum snærum fagråd sem tekur til umfjöllunar mál sem þessi. HHF hefur aðgang að Æskulýðsvettvangnum sem aðili að UMFÍ og mun nýta sér viðbragðsáætlun hans.

Viðbragðsáætlun HHF er því [viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins](#).




Siðareglur

HHF og aðildarfélög þess leitast við að bæta siðgæði og siðferði í sínum vinnubrögðum. Mikilvægt er fyrir alla sem starfa með börnum og ungmennum að vera meðvituð um skyldur sínar og ábyrgð.

Allir starfsmenn sambandsins og aðildarfélaga þess skulu skila upplýstu samþykki um öflun upplýsinga úr sakaskrá. Þetta á við um stjórnarfólk, starfsmenn stjórna, þjálfara og aðila þá sem taka að sér hóp ungmenna fyrir hönd félagsins, t.d. liðsstjóra, gististjóra í íþróttum o.þ.h.

HHF er aðili UMFÍ sem hefur aðgang að Æskulýðsvettvanginum. Æskulýðsvettvangurinn hefur í gildi siðareglur sem gilda fyrir allt starfsfólk og sjálfboðaliða Æskulýðsvettvangsins. Þær snúa annars vegar að samskiptum og hins vegar að rekstri og ábyrgð. Siðareglur HHF eru því [siðareglur Æskulýðsvettvangsins](#).

Gildi HHF



Fræðsla: HHF stendur vörð um að fræðsla til félagsmanna sambandsins og aðildarfélaga þess um þau málefni er við koma íþróttaiðkun og almennu heilbrigði sé í hávegum höfð.

Efling líkamlegrar færni: HHF og aðildarfélög bjóða upp á möguleika til aukinnar líkamlegrar færni með því að bjóða upp á skipulagt starf í samstarfi við aðildarfélög. Utan skipulagðs starfs er það hlutverk HHF í samstarfi við sveitarfélögin að hvetja til aukinnar lýðheilsu með aðstöðu til þess.

Samheldni og samvinna: HHF leitast við að vera í eins jákvæðum samskiptum og unnt er bæði inn á við og út á við. HHF er virkur þátttakandi í starfi ÍSÍ og UMFÍ. HHF tekur boðum um samvinnu með opnum huga. HHF er í góðu og jákvæðu sambandi við sín aðildarfélög og sína félagsmenn og sveitarfélög.

Þjónusta: Stjórn og framkvæmdastjóri leitast við að veita aðildarfélögum sínum góða þjónustu í þeim verkefnum og málum sem þau standa í hverju sinni.

Efling sálfélagslegrar færni: HHF hvetur aðildarfélög að huga að þjálfun sálfélagslegra þátta samhliða þjálfun líkamlegra þátta. Hluti af fræðslustarfi HHF verður alltaf elfling sálfélagslegra þátta.



3. Aðildarfélög HHF

Fimleikafélag Vestfjarða

Kennitala: 570918-0360

Stjórn: Telma Ýr Snorradóttir – formaður

Ingibjörg Antonsdóttir

Elvar Hákon Már Víkingsson

Harpa Pálsdóttir

Marion Worthmann

Bjarnveig Guðbrandsdóttir

Símanúmer formanns: 772-0379

Netfang félags/formanns: fimvest@fimvest.is



Golfklúbbur Bíldudals

Kennitala: 680193-2319

Stjórn: Heiðar Ingi Jóhannson – formaður

Guðný Sigurðardóttir

Guðbjörg S. Friðriksdóttir

Kristjana Andrésdóttir

Viðar Örn Ástvaldsson

Símanúmer formanns: 456-2569/699-8658

Netfang formanns: krist.an@centrum.is





Handbók Héraðssambandsins Hrafn-Flóka

Golfklúbbur Patreksfjarðar

Kennitala: 590193-2249

Stjórn: Sigurður Viggósson – formaður
Gústaf Gústafsson
Brynja Haraldsdóttir
Björg Sæmundsdóttir

Símanúmer formanns: 456-1389/892-3968

Netfang formanns: sigvig@oddihf.is



Íþróttafélag Bílddælinga

Kennitala: 660691-2279

Stjórn: Eva Lind Guðmundsdóttir - formaður
Arnar Þór Arnarsson
Elfar Steinn Karlsson

Símanúmer formanns: 845-8847

Netfang formanns: evalindgud@gmail.com



Íþróttafélag Bílddælinga



Handbók Héraðssambandsins Hrafn-Flóka

Íþróttafélagið Hörður

Kennitala: 450291-1459

Stjórn: Kristín Brynja Gunnarsdóttir – formaður
Katrín Ösp Magnúsdóttir
Svava Gunnarsdóttir
Véný Guðmundsdóttir
Elín Dóróthea Sveinsdóttir
Birna Friðbjört Hannesdóttir
María Ósk Óskarsdóttir

Símanúmer formanns: 868-9253

Netfang formanns: kristinb15@gmail.com



Skotíþróttafélag Vestfjarða

Kennitala: 530990-2229

Stjórn: Smári Gestsson – formaður
Steinunn Alda Guðmundsdóttir
Þorbjörn Guðmundsson
Helgi Páll Pálmason
Magni Smáráson

Símanúmer formanns: 456-1602/865-1566

Netfang formanns: smarig@oddihf.is





Handbók Héraðssambandsins Hrafn-Flóka

Ungmennafélag Barðstrendinga

Kennitala: 660269-4959

Stjórn: Davíð Þorgils Valgeirsson – formaður
Þórunn Arndís Eggertsdóttir
Nanna Jónsdóttir
Kristín á Þverá
Elín Eyjólfsdóttir



Símanúmer formanns: 847-0606

Netfang formanns: skessa126@simnet.is

Ungmennafélag Tálknafjarðar

Kennitala: 630890-2179

Stjórn: Marion Gisela Worthmann – formaður
Kistrún Guðjónsdóttir
Guðlaug A. Björgvinsdóttir

Símanúmer formanns: 895-7341

Netfang formanns: marionq@myself.com



4. Lög og reglur

Lög og reglugerðir Héraðssambandsins Hrafna-Flóka

1.grein

Sambandið heitir Héraðssambandið Hrafna-Flóki, skammstafað HHF. Starfssvið þess er Vestur-Barðastrandasýsla.

2.grein

Heimili sambandsins og varnarþing er þar sem lögheimili formanns er hverju sinni.

3.grein

Hlutverk HHF er:

- a. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins, en að sérráð, ef stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- b. Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- c. Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt.
- d. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- e. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- f. Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga og halda utan um staðfest lög félaga.
- g. Að tilkynna ÍSí og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
- h. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Í því skyni skal héraðssamband/íþróttabandalag hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjöllum aðildarfélaga/sérráða sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/sérráðs. Aðildarfélag/sérráð getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda.
- i. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn HHF, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
- j. Héraðsþingi HHF er heimilt, hafi aðildarfélag ekki farið að lögum og/eða fyrirmælum þess, að ákveða að víkja félaginu úr héraðssambandinu. Ákveði héraðsþing HHF að víkja félagi úr því er héraðssambandinu skylt að tilkynna það til ÍSí og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

4.grein

Rétt til þátttöku í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög, sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra og starfsemi í samræmi við lög HHF, ÍSí, og UMFÍ.



5.grein

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu sendar til stjórnar þess, ásamt eintaki af lögum viðkomandi félags. Sambandsstjórn úrskurðar um inngöngu, en héraðsþing skal staðfesta.

6.grein

Úrsögn er því aðeins gild, að viðkomandi félag sé skuldlaust við sambandið.

7.grein

Þeim félögum sem ekki hafa sent starfsskýrslu í tvö ár samfleitt, má víkja úr sambandinu. Ennfremur þeim félögum sem að öðru leyti gerast brotleg gagnvart lögum þess.

8.grein

1. HHF er stjórnað af:

- a. Héraðsþingi
- b. Héraðsstjórn

2. Héraðsþing skal halda ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti. Leitast skal við að ljúka því sem fyrst eftir áramót, og eigi síðar en 30.apríl. Þing má ekki halda á sömu dögum og íþróttþing eða formannafundur ÍSÍ og UMFÍ.

3. Héraðsþing skal boðað með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Aðildarfélög skulu skila inn til HHF tillögum að málum/lagabreytingum sem taka á fyrir á þinginu eigi minna en tveimur vikum fyrir þing.

4. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir Héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en einnar viku fyrirvara.

9.grein

Fulltrúatala sambandsfélaganna á héraðsþingi skal reiknast út frá félagatali. Skal hvert félag fá 1 fulltrúa fyrir hverja byrjaða 50 félaga.

10.grein

Héraðsþing skal ár hvert ákveða gjöld sambandsfélaganna til sambandsins.

Héraðsþing skal ákvarða skiptingu lottótekna milli aðildarfélaga. Ákvörðun um skiptingu skal þó



reglulega endurskoðuð, í samræmi við aðstæður hverju sinni. Stjórn sambandsins er heimilt að fresta greiðslum til aðildarfélags, hafi það ekki skilað starfsskýrslum fyrir 15.apríl, eða ekki haldið aðalfund skv.lögum hvers félags.

11.grein

Á þinginu skal ræða málefni sambandsins og aðildarfélaga þess. Þar skal stjórnin gefa fulltrúum skriflega skýrslu um starfsemi liðins árs, og leggja fram endurskoðaða reikninga sambandsins og fjallar þingið um hvort tveggja. Þingið kýs stjórn og skoðunarmenn ársreikninga skv. ákvæðum 13.greinar laga þessara. Ennfremur kýs það nefndir. Getur þingið falið sambandsstjórn að annast tilnefningu þessara starfskrafta á sérstökum stjórnarfundi ef stjórnin æskir þess.

12.grein

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a) stjórn og varastjórn
- b) endurskoðendur
- c) fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- d) meðlimir fastanefnda
- e) meðlimir dómstóls
- f) íþróttfulltrúi ríkisins
- g) allir ungmennafélagar sbr. 8.grein laga UMFÍ

Auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

13.grein

Störf héraðsþings eru:

- 1) Þingsetning
- 2) kosning fyrsta og annars þingforseta
- 3) kosning fysta og annars þingritara
- 4) kosning kjörbréfanefndar
- 5) ávörp gesta
- 6) kosnar nefndir er þingið samþykkir að kjósa skuli til starfa á þinginu til að fjalla um þær tillögur og málefni sem til þeirra er vísað.
- 7) lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.

- 8) lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar.
 - 9) Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar
 - 10) stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
 - 11) lagðar fram og teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.
- Þinghlé

- 12) Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu
- 13) skýrslur aðildarfélaganna
- 14) Önnur mál
- 15) kosningar:
 - a) kosning stjórnar sbr. 15.grein
 - b) kosning skoðunarmanna (2 aðalmenn og 1 varamaður)
 - c) kosning í héraðsdómstól
 - d) kosning fulltrúa á Íþróttapeing ÍSí.
16. Þingslit

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta (greiddra atkvæða) sömu fulltrúa.

14.grein

Aukaþing skal halda, ef nauðsyn krefur að mati stjórnar eða helmingur sambandsfélaga óskar þess. Allur boðunar og tilkynningarfrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf, þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, er veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- og leikreglabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum, af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

15.grein

Héraðsþing kýs þrjá menn í stjórn og þrjá til vara úr röðum félagsmanna innan aðildarféлага HHF. Héraðsþing kýs formann úr röðum stjórnarmanna, en aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum.

16.grein

Sambandsstjórnin hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarka sem lög og þingsamþykktir segja. Hún veitir móttöku öllu því fé er sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt fjárhagsáætlun þeirri er þingið hefur samþykkt.



17.grein

Sambandsstjórn hefur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þangað skal boða alla stjórnarmenn eða varamenn í þeirra stað, geti aðalmenn eigi mætt. Þá skal stjórnin boða formenn allra sambandsfélugganna til fundar eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til. Slíkur formannafundur getur ekki verið æðri stjórn sambandsins, heldur einungis ráðgefandi samkoma stjórnar. Skyllt er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað, geti þeir eigi mætt. Atkvæðisrétt á formannafundum skulu hafa sambandsstjórn og formenn félugga, en nefndarmenn því aðeins ef um sérmálefni nefnda þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami maður með nema eitt atkvæði.

18.grein

Við hver áramót skulu stjórnir sambandsfélugganna semja skýrslur um hag sinn og starfsemi samkvæmt fyrirmælum UMFÍ og ÍSÍ. Skýrslu þessari skal skila til sambandsstjórnar eigi síðar en 15.mars.

19.grein

Ef ágreiningur rís innan stjórnar HHF eða meðal sambandsaðila um réttindi félugga eða um skilning á þessum lögum skal leggja málið fyrir dómstól ÍSÍ til úrskurðar.

20.grein

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdarstjórn ÍSÍ og UMFÍ hefur samþykkt þau.

Lögin uppfærð skv. samþykktum á 34.Héraðsþingi HHF í Skrímslasetrinu á Bíldudal 2013.



Reglugerð minningarsjóðs Stefáns Jóhannesar Siðurðsson

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóð Stefáns Jóhannesar Sigurðssonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja unga efnilega íþróttamenn innan Héraðssambandsins Hrafna-Flóka til frekari þjálfunar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórn HHF skipar í stjórn sjóðsins árlega að loknu ársþingi HHF.

4. gr.

Tekjur sjóðsins sulu vera ákveðinn hundruðshluti af lottótekjum sem koma til HHF skv. ákvörðun héraðsþings HHF, frjáls framlög einstaklinga og félaga og aðrar fjáraflanir sem henta þykja hverju sinni.

5. gr.

Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni og er heimilt að veita úr sjóðnum öllu því fé sem í honum er á hverjum tíma.

6. gr.

Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar innan HHF sem náð hafa góðum árangri í þeim greinum sem stundaðar eru innan HHF.

7. gr.

Heimilit er að veita styrk skv. umsókn frá viðkomandi styrkþega, enda fylgi meðmæli viðkomandi félags og greinargerð um ástæðu fyrir umsókninni og hvaða árangurs megi vænta.

8. gr.

Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til sjóðsstjórnar um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur.

9. gr.

Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til stjórnar HHF þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins.

10. gr.

Endurskoðendur HHF er jafnframt endurskoðendur sjóðsins.

11. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi þegar héraðsþing HHF hefur staðfest hans. Breytingar á reglugerðinni þurfa að hljóta samþykki einfalds meirihluta á héraðsþingi HHF.

Samþykkt á héraðsþingi HHF 24. apríl 1999.



5. Val á íþróttafólki ársins



Handbók Héraðssambandsins Hrafn-Flóka